

Ed. **310. Breytingartillögur** [11. mál]

við frv. til laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og kristnisjóð.

Frá Steinþóri Gestssyni, Páli Þorsteinssyni og Kristjáni Thorlacius.

1. Við 1. gr. Við V. lið bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
31. Þingvellir: Þingvallasókn.
Prestssetur: Þingvellir.
Töluröð breytist í samræmi við það, og orðið „Þingvalla-“ í 36. tölulið falli niður.
2. Við 6. gr. Framan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.